

Aðalfundur foreldrafélagsins og gestafyrirlestur

28. september 2021

Það má með sanni segja að það var virkilega góð mæting á fundinn en rúmlega 40 manns mættu á fundinn. Fundurinn hófst kl. 20:00 og var haldinn í gegnum Google Meet forritið en þetta er í fyrsta skipti sem slíkur fjarfundur er haldin og tókst vel til.

Hjördís opnaði fundinn og bauð foreldra velkomna. Að þessu sinni vorum við svo lánsöm að fá til okkar gestafyrirlesara en það var hún Hulda Tölgys sálfræðingur sem menntuð er í klínískri sálfræði. Hún hélt fyrirlestur og fjallaði ítarlega um hlutverk foreldra í tengslum við tilfinningar barna, hugræna byrði og jafna ábyrgð foreldra.

Fyrirlesturinn gekk mjög vel. Það mynduðust virkilega góðar umræður milli foreldra og Huldu Tölgys sálfræðings. Það var mikil ánægja með fyrirlesturinn.

Aðalfundur foreldrafélagsins: Eftir fyrirlesturinn voru svo hefðbundin aðalfundarstörf. Hjördís, leikskólastjóri, fór aðeins yfir breytt fyrirkomulag fundarins en þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel að þessu sinni og mæting góð.

Herdís, formaður foreldrafélagsins, fór yfir ársskýrslu foreldrafélagsins og þau störf og verkefni sem hafa verið í gangi yfir tímabilið. Herdís kveður félagið formlega eftir þriggja ára starf. Dóra fór yfir stöðu sjóðsins en hann stendur í 527 þúsund krónum. Staðan er óvenju há og er það vegna aðstæðna sem við höfum glímt við í samfélaginu á Covid tímum.

Ársskýrsla og staða sjóðsins var svo samþykkt meðal fundargesta.

Staða stjórnar foreldrafélagsins: Tveir ganga úr stjórn foreldrafélagsins að þessu sinni og þrír hafa boðið sig fram til stjórnar. Það eru þau Rakel, Ingvi og Margrét. Ákveðið var að taka þeim öllum þremur opnum örmum og verða meðlimir stjórnar því samtals sjö í á næsta tímabili.

Breyting á starfsreglum: Engar tillögur né ábendingar voru sendar og því ekki þörf á að fara nánar í það.

Umræður og spurningar:

Fyrirspurn m.a. varðandi skipulag deilda á Krakkakoti þá varðandi hvað tekur við þegar

Mánahvöll færir starfsemi sína á réttan stað.

Vangaveltur um mönnun og framtíð hvað varðar laus leikskólapláss.

Foreldrar binda miklar vonir við betri tíma og nánara samstarf á næstu misserum.

Góðum og árangursríkum fundi slitið kl. 21:40.

Ritari - Stefanía Kristjánsdóttir